



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, mál nr. S-111/2019.

Tilv. 201904-0007

Vísað er til málsins sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 4. apríl sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um textadrög þriðja verkefnis þverpólitískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Bændasamtök Íslands og Landssamband Kúabænda (hér eftir samtökin) telja gagnrýniverð að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu óski eingöngu eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum slíks þjóðgarðs en ekki um hugmyndina um að stofna þjóðgarðinn yfirleitt, þar sem ekki er hægt að segja að samstaða hafi skapast um þá niðurstöðu.

Samtökin vísa til skýrslu sem unnin var af nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu þar sem dregnar eru upp fjórar sviðsmyndir í málinu en nefndin virðist aðeins horfa til einnar þeirra, þ.e. um einn stóran miðhálandisþjóðgarð.¹ Samtökin leggja til að fram fari samráð á þeim forsendum sem framangreind skýrsla byggir á þannig að niðurstaðan gæti orðið þjóðgarðar sem yrðu á raunverulegu forræði heimamanna.

Rétt er að vitna til reynslu af stofnun og rekstri þeirra þjóðgarða sem þegar eru starfandi. Stofnun og rekstur þjóðgarðs kallar á mikið fjármagn ef vel á að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða, viðhald o.fl. Ef þjóðgarður á að geta byggt upp atvinnu og stutt við búsetu á nærsvæðum þarf fjármagn að fylgja. Einnig ef þjóðgarður á að bjóða upp á aðgengi og möguleika til útivistar, sérstakar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun sem og að laða að ferðamenn.

Skilgreina þarf hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttáð og hver þeirra réttindi verða, t.a.m. hvað varðar nýttarétt eins og beitarnýtingu og veiði. Í umræddum drögum sem nú eru til umsagnar er t.d. aðeins tekið þannig til orða að stefnt sé að því að „viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur“ í stað þess að kveða skýrt á um að þau réttindi haldist.

¹ Sjá skýrsluna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ce-c478-11e7-941e-005056bc4d74>



LANDSSAMBAND
KÚABANDA

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum. Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Því eru samtökin mótfallin.

Áður en lengra er haldið áfram með undirbúning stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu er rétt að hugað verði að stöðu, hlutverki og vilja sveitarfélaganna til verkefnisins. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist.

Virðingarfyllt

f.h. Bl og LK

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir